



Stúdentaráð Háskóla Íslands

## FUNDARGERÐ

### Stúdentaráðs Háskóla Íslands, 3. fundur

Þriðjudaginn, 26. ágúst 2024

17:00-20:00

Háskóli Íslands, Háskólatorgi, HT-101

Fundarstjóri: Arent Orri Jónsson Claessen, forseti

Fundarritari: Daníel Hjörvar Guðmundsson, framkvæmdastjóri

#### Fundarmenn:

Alda María Þórðardóttir (*án atkvæðisréttar*)

Anna Sóley Jónsdóttir, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Ásthildur Bertha Bjarkadóttir, *stúdentaráðsliði, Vaka (rafrænt)*

Birkir Brynleifsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Edda Sól Arthursdóttir (*án atkvæðisréttar*)

Eiríkur Kúld Viktorsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Gísli Laufeyjarsen Höskuldsson (*án atkvæðisréttar*)

Guðni Thorlacius (*án atkvæðisréttar*)

Gunnar Ásgrímsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Hannes Lúðvíksson (*án atkvæðisréttar*)

Helga Björg B. Óladóttir (*án atkvæðisréttar*)

Íris Gunnarsdóttir (*án atkvæðisréttar*)

Ísleifur Arnórsson, *stúdentaráðsliði, Röskva*

Jóhann Almar Sigurðsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Júlíus Viggó Ólafsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Katla Ólafsdóttir, *stúdentaráðsliði, Röskva*

Kjartan Leifur Sigurðsson (*án atkvæðisréttar*)

Kristín Friða Sigurborgardóttir, *stúdentaráðsliði, Röskva (rafrænt)*

Magnús Bergmann Jónasson, *stúdentaráðsliði, Röskva (rafrænt)*

Magnús Hallsson, *varafulltrúi í Stúdentaráði, Röskva*

Mathias Bragi Ölvísson (*án atkvæðisréttar*)

Ólög Soffía Eðvarðsdóttir (*án atkvæðisréttar*)  
Patryk Lukasz Edel, *stúdentaráðsliði, Röskva*  
Ragnheiður Geirsdóttir, *stúdentaráðsliði, Vaka*  
Sigurbjörg Guðmundsdóttir (*án atkvæðisréttar*)  
Snæfríður Blær Tindsdóttir (*án atkvæðisréttar*)  
Sóley Anna Jónsdóttir, *stúdentaráðsliði, Röskva*  
Styrmir Hallsson, *stúdentaráðsliði, Röskva*  
Sæþór Már Hinriksson (*án atkvæðisréttar*)  
Tinna Eyvindardóttir, *stúdentaráðsliði, Vaka*  
Valgerður Laufey Guðmundsdóttir (*án atkvæðisréttar*)  
Vésteinn Örn Pétursson (*án atkvæðisréttar*)

- I. Fundur settur kl. 17:04  
*Meeting Called to Order at 17:04*
- II. Fundargerð skiptafundar þann 21. maí 2024 borin upp til samþykktar.  
*Approval of the Minutes from the Meeting on May 21, 2024.*

Katla spyr hvort að fundargerðir séu birtar á vefsíðu Stúdentaráðs strax í kjölfar þess að þær eru samþykktar. Forseti svarar því játandi. Katla spyr þá hvort standi til að breyta stafsetningarvillum og þess háttar. Forseti segir það bagalegt að breyta fundargerðum sem annar fundarritari skrifaði, sérstaklega þar sem að upptaka frá umræddum fundi fór forgörðum. Katla spyr hvort að það muni koma fram ofangreint í athugasemd við fundargerðina. Forseti staðfestir að slík athugasemd muni fylgja fundargerðinni.

Fundarmenn nefna að það mætti laga villur í sérnöfnum séu þau rituð ranglega. Framkvæmdastjóri svarar því að það sé ekkert mál en að hann hafi ekki viljað breyta neinu í fundargerðinni þar sem að hann sat ekki umræddan fund.

- III. Fundargerð síðasta fundar 8. ágúst 2024 borin upp til samþykktar.  
*Approval of the Minutes from the Last Meeting on August 8, 2024.*

Kosið um liði II og III í sameiningu.

Samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra vökuliða, Styrmir og Magnús Hallssynir kusu einnig með. Sóley Anna Jónsdóttir kaus á móti. Aðrir sátu hjá.

- IV. Drög að fundaskipulagi haustannar.  
*Draft of the Autumn Semester Meeting Schedule.*

Forseti kynnir drögin. Miða við að fundað sé á miðvikudögum um miðja mánuði. Forseti telur ákjósanlegt að sleppa fundi í desember.

## V. Lagabreytingartillaga lagaráðs, 1. áfangi.

*Proposed Amendments to the SHÍ Bylaws, Phase 1.*

Flutningsmaður: lagaráð.

- i. Fyrir liggur lagabreytingartillaga frá lagaráði, samráðsvettvangi um heildarendurskoðun laga SHÍ, sbr. ákvörðun stúdentaráðsfundar þann 21. maí sl.

*A proposed amendment from the Bylaws Committee, a consultation body for the comprehensive review of SHÍ's bylaws, pursuant to the Student Council's decision on May 21, 2024.*

**Tillagan er svohljóðandi:**

### I. kafli. Nafn og skipulag

- 1. gr. Nafn og starfsemi Stúdentaráðs
  - Stúdentaráð Háskóla Íslands, SHÍ, er heildarsamtök og samráðsvettvangur stúdenta innan Háskóla Íslands. Heimili félagsins er skrifstofa Stúdentaráðs á Háskólatorgi við Sæmundargötu 4. Varnarþing ráðsins er í Reykjavík.
- 2. gr. Tilgangur Stúdentaráðs
  - Stúdentaráð stendur vörð um hvers kyns hagsmuni stúdenta við Háskóla Íslands, svo sem menningarlega, félagslega og fjárhagslega hagsmuni. Hlutverk SHÍ er m.a. að koma fram fyrir hönd stúdenta við Háskóla Íslands gagnvart opinberum aðilum í hvers kyns hagsmunamálum svo sem varðandi löggjöf, framkvæmd hennar og í dómsmálum er snerta rétt þeirra.
  - Stúdentaráð skal veita þeim félagasamtökum sem starfa innan Háskóla Íslands og annast félagslíf eða hagsmunamál, ráðgjöf og leiðbeiningar eftir fremsta megni.
- 3. gr. Aðild Stúdentaráðs að öðrum samtökum
  - Ráðinu er heimilt að taka þátt í störfum annarra samtaka samkvæmt samþykkt hverju sinni. Ákvörðun um skipulagsbundna aðild að öðrum samtökum lýtur sömu reglum og breytingar á þessum samþykktum.
- 4. gr. Starfstími Stúdentaráðs
  - Starfsár fulltrúa Stúdentaráðs miðast við skiptafund, sem skal haldinn árlega, í síðustu viku maímánaðar.
  - Reikningsár Stúdentaráðs skal vera 12 mánuðir og miðast við upphaf júnímánaðar. Ársreikningur skal vera yfirfarinn af skoðunarmanni eða endurskoðanda.
  - Ársreikningur Stúdentaráðs skal birtur á heimasíðu félagsins eigi síðar en fjórum vikum eftir skiptafund.

### II. kafli. Stúdentaráð

- 5. gr. Fundir Stúdentaráðs
  - Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra stúdentaráðsfunda.

▪ 6. gr. Fundarboð

- Forseti skal boða til stúdentaráðsfunda með tilkynningu til hvers fulltrúa í Stúdentaráði í ábyrgðarbréfi, tölvupósti gegn staðfestingu á móttöku eða á annan jafnsannanlegan hátt. Auk þess skal tilkynning birt á vefsíðu Stúdentaráðs.
- Fund Stúdentaráðs skal boða með minnst sjö daga fyrirvara.
- Fundarefnis skal getið í fundarboði.
- Við brýna nauðsyn er forseta heimilt að boða til fundar með styttri fyrirvara, en þó aldrei styttri en sólarhring fyrir fund.

▪ 7. gr. Lögmæti fundar

- Stúdentaráðsfundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja stúdentaráðsliðar sem hafa yfir að ráða 2/3 atkvæða í félaginu að minnsta kosti.
- Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja stúdentaráðsliðar sem ráða yfir helmingi atkvæða í félaginu hið minnsta.

▪ 8. gr. Atkvæðagreiðsla

- Hver stúdentaráðsliði fer með eitt atkvæði.

### III. kafli. Stjórn Stúdentaráðs

▪ 9. gr. Skipan stjórnar

- Stjórn félagsins skal skipuð forseta, varaforseta og forsetum allra sviðsráða. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli stúdentaráðsfunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Fylking sem hefur fulltrúa í Stúdentaráði skal hafa áheyrnarfulltrúa í stjórn.
- Forseta ber að veita stjórnarmönnum, endurskoðendum eða skoðunarmönnum, allar upplýsingar um rekstur og starfsemi félagsins sem þeir kunna að óska eftir eða veita ber samkvæmt lögum eða þessum samþykktum.
- Meirihluti atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði forseta afgreiðslu mála.
- Undirskriftir fjögurra stjórnarmanna skuldbinda félagið, enda hafi stjórnarfundur ályktað um það.
- Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.
- Stjórn getur þó aðeins skuldbundið félagið með verulegri og óvenjulegri ráðstöfun, sé það samþykkt á stúdentaráðsfundi.

▪ 10. gr. Fundir stjórnar

- Stjórnarfundir eru lögmætir ef þeir hafa verið réttilega boðaðir samkvæmt þessari grein og fjórir stjórnarmenn sækja fund.
- Framkvæmdastjóri skal halda fundargerð um stjórnarfund.
- Forseti boðar til stjórnarfunda með tölvupósti eða með öðrum jafnsannalegum hætti. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

### IV. kafli. Skrifstofa

▪ 11. gr. Hlutverk skrifstofu

- Fulltrúar Stúdentaráðs á skrifstofu ráðsins fara með daglegan rekstur Stúdentaráðs og hafa umsjón með framkvæmdum ráðsins.

□ Fulltrúar á skrifstofu Stúdentaráðs sækja umboð sitt til Stúdentaráðs og stjórnar Stúdentaráðs og lúta ákvörðunum þeirra.

□ Á skrifstofu Stúdentaráðs starfa forseti, varaforseti, framkvæmdastjóri, hagsmunafulltrúi, menntasjóðsfulltrúi, alþjóðafulltrúi og ritari.

▪ 12. gr. Skipan skrifstofu

□ Forseti, varaforseti, hagsmunafulltrúi og menntasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs skulu kjörnir á kjörfundi, samkvæmt ákvæðum um kjörfund.

□ Aðrir fulltrúar á skrifstofu Stúdentaráðs eru ráðnir af Stúdentaráði. Forseti og oddvitar þeirra fylkinga er eiga fulltrúa í Stúdentaráði skipa ráðningarnefnd sem fer fyrir ráðningarferli fulltrúanna. Varafulltrúar oddvita í ráðningarnefnd eru fyrirvarsmenn fylkinganna. Ráðningarnefnd leggur tillögu um ráðningu hvers fulltrúa fyrir stjórn Stúdentaráðs sem staðfestir tillögu nefndarinnar. Stjórn Stúdentaráðs upplýsir um ráðninguna á næsta fundi ráðsins.

□ Auglýsa þarf störf fulltrúa samkvæmt þessari grein laus til umsóknar, með skýrum hætti m.a. á opinberu vefsvæði Stúdentaráðs og með tölvupósti til stúdenta, minnst viku áður en umsóknarfrestur líður.

▪ 13. gr. Forseti

□ Forseti hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða rekstur eða starfsemi þess.

□ Forseti sækir umboð sitt til Stúdentaráðs og til stjórnar þess og getur einungis skuldbundið félagið að því leyti sem stjórn eða Stúdentaráð fela honum umboð til þess.

▪ 14. gr. Varaforseti

□ Við forföll forseta skal varaforseti Stúdentaráðs almennt vera staðgengill hans.

□ Hlutverk varaforseta felst einnig í því að vera helsti tengiliður Stúdentaráðs við fastanefndir Stúdentaráðs, og önnur nemendafélög innan háskólans, og veita þeim aðstoð eftir því sem þurfa þykir.

▪ 15. gr. Hagsmunafulltrúi

□ Hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs veitir hverjum stúdent sem til hans leitar liðsinni í málum er snúa að rétti þeirra, einkum gagnvart háskólanum.

□ Hagsmunafulltrúa er heimil hagsmunagæsla í umboði þeirra stúdenta sem leita til hans, að því leyti sem telst eðlilegt.

□ Málaskrá skal haldin um þau hagsmunamál stúdenta sem hagsmunafulltrúi sinnir.

▪ 16. gr. Menntasjóðsfulltrúi

□ Menntasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs fer fyrir og stendur vörð um hagsmuni stúdenta í málum er snúa að Menntasjóði námsmanna.

□ Stúdentaráð tilnefnir menntasjóðsfulltrúa í stjórn Menntasjóðs námsmanna.

□ Menntasjóðsfulltrúa er heimil hagsmunagæsla í umboði þeirra stúdenta sem leita til hans, að því leyti sem það telst eðlilegt.

□ Forseta, í umboði stjórnar Stúdentaráðs, er heimilt að semja við Menntasjóð námsmanna um að menntasjóðsfulltrúi gegni þjónustuhlutverki við stúdenta. Forseta er einnig heimilt að semja um að þjónustuhlutverk menntasjóðsfulltrúa nái til atvika eða mála utan Háskóla Íslands.

▪ 17. gr. Framkvæmdastjóri

- Framkvæmdastjóri fer með fjármuni félagsins, og sér til þess að ráðið sé í stakk búið til að standast við fjárhagslegar skuldbindingar, auk þess að fara með önnur verkefni sem forseti felur honum.
- Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á rekstrarreikningi ráðsins og skilagreinum þess. Framkvæmdastjóri skal tryggja að opinberar skráningar og bókhald sé í samræmi við lög.

▪ 18. gr. Alþjóðafulltrúi

- Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs fer fyrir og stendur vörð um hagsmuni erlendra stúdenta innan Háskóla Íslands.
- Forseta, í umboði stjórnar Stúdentaráðs, er heimilt að semja við Háskóla Íslands um störf og skyldur alþjóðafulltrúa.
- Alþjóðafulltrúi er fulltrúi Stúdentaráðs í Aurora, samstarfsneti háskóla í Evrópu.

▪ 19. gr. Ritstjóri

- Ritstjóri Stúdentaráðs hefur yfirumsjón með útgáfu Stúdentaráðs, í riti og á vef.

#### **IV. kafli. Sviðsráð**

#### **V. kafli. Nefndir**

#### **VI. kafli. Kosningar**

#### **VII. kafli. Almenn ákvæði**

▪ 20. gr. Breytingar á samþykktum

- Samþykktum þessum má breyta á lögmætum Stúdentaráðsfundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.
- Breytingar á samþykktum þessum taka þó ekki gildi fyrr en þau hafa verið birt á vefsíðu Stúdentaráðs.
- Samþykktir þessar öðlast þegar gildi. Þar sem samþykktunum sleppir, koma eldri samþykktir til fyllingar.

Forseti rifjar upp að á skiptafundi hafi Stúdentaráð falið lagaráði að endurskoða gildandi lög Stúdentaráðs. Í lagaráði eru lagabreytinganefnd, forseti, varaforseti og oddvitar fylkinga. Ráðið hefur fundað þrisvar. Niðurstaða ráðsins er að endurskoða lög Stúdentaráðs í áföngum yfir starfsárið. Forseti kynnir tillögu lagaráðs.

Lagaráð hefur þegar búið til drög að kaflaskipulagi samþykktanna þó svo að það séu ekki komin ákvæði inn í þá alla. Forseti tekur fram að eldri samþykktir verði nýjum til fyllingar. Þannig jafnvel þó einhver atriði falli milli skips og bryggju munu eldri samþykktir grípa þau. Forseti ítrekar mikilvægi þess að löggin séu skýrari en þau eru. Telur það einnig mikilvægt að inn komi ákvæði um starfsmenn Stúdentaráðs.

Gísli tekur til máls og dregur saman helstu breytingar. Segir þetta að miklu leyti umorðun á ákvæðum sem þegar eru til ásamt lögfestingu reglna sem áður voru í verklagsreglum. Ásamt því sem stjórn Stúdentaráðs og forseta séu veittar heimildir til að taka veigamiklar ákvarðanir, en sú heimild hafi áður byggst á venju.

Forseti tekur undir orð Gísla og segir að fyrirmyndin af þessum samþykktum sé að miklu leyti fengnar úr hlutafélagalögum. Einnig bætir við að þó stjórn séu veittar miklar heimildir hafi hann ekki áhyggjur af því að hún muni ganga gegn umboði Stúdentaráðs.

Ísleifur spyr um ákvæði laganna er varðar boðun stjórnarfundar, gerir athugasemd að það sé enginn lágmarks fyrirvari fyrir boðun stjórnarfundar. Forseti svarar að núverandi skilyrði fyrir lögmætan stjórnarfund séu fullnægjandi og mikilvægt að stjórn geti brugðist hratt við. Ísleifur veltir því upp hvort skynsamlegt sé að setja inn einhvers konar ákvæði þar sem segir að almennt sé fyrirvari á boðun stjórnarfundar en í neyðartilfellum sé hægt að boða þá tafarlaust. Forseti spyr hvort hann sé að bera fram breytingartillögu en Ísleifur neitar því.

Sóley Anna spyr út í boðun á lagabreytingafundar þar sem að stúdentaráðsliðar hafi málfrelsi á þeim fundum. Forseti biðst velvirðingar á því að hann hafi ekki boðað stúdentaráðsliða á fundi lagaráðs og að hann muni gera það framvegis. Auk þess bendir hann á að öll gögn lagaráðs séu stúdentaráðsliðum aðgengileg.

Gísli bætir við að starfi lagaráðs sé ekki lokið og að mörg tækifæri séu fram undan til að hafa áhrif á starf ráðsins.

- ii. Lagabreytingartillaga þarf 2/3 atkvæða til að hún taki gildi.  
*The proposed amendment requires a 2/3 majority vote to be enacted.*

Kosið um tillögu.

Tillagan samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundargesta, Sóleyjar Önnu Jónsdóttur og Ísleifs Arnórsson sitja hjá.

## VI. Tilnefningar í stjórn Stúdentasjóðs.

*Nominations for the Student Fund Board.*

- i. Samkvæmt h.-lið 7. gr. laga Stúdentaráðs skipar Stúdentaráð tvo fulltrúa í stjórn Stúdentasjóðs, sbr. einnig 2. gr. laga Stúdentasjóðs.  
*According to item h of Article 7 of the Student Council's bylaws, the Student Council appoints two representatives to the Student Fund Board, as also stipulated in Article 2 of the Student Fund's bylaws.*

Forseti ber upp tillögu til að veita stjórn umboð til að staðfesta tillögu Röskvu um fulltrúa í stjórn Stúdentasjóðs.

Einróma samþykkt.

- ii. Óskað er eftir tilnefningum í sjóðstjórn, eigi síðar en á fundinum sjálfum.  
*Nominations for the board are requested, no later than during the meeting itself.*

Vaka tilnefnir Sæþór Mát Hinriksson.

Kosið um tilnefningu.

Tilnefning samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundargesta nema Sóleyjar Önnu og Magnúsar Bergmanns sem sitja hjá.

Röskva tilnefnir Ólöfu Soffíu Eðvarðsdóttur.

Kosið um tilnefningu.

Tilnefning er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundargesta nema Magnúsar Bergmanns Jónassonar sem situr hjá.

Sæþór Mát Hinriksson og Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir eru því fulltrúar Stúdentaráðs í stjórn Stúdentasjóðs starfsárið 2024-25. Umboð stjórnar til að staðfesta tillögu Röskvu um fulltrúa í stjórn Stúdentasjóðs fellur niður samhliða, sbr. niðurstaða VI. liðar.

## VII. Fundarhlé.

*Intermission.*

Forseti stingur upp á því að færa fundarhlé þannig það verði eftir næsta lið. Samþykkt.

## VIII. Tillaga að herferð Stúdentaráðs.

*Proposal for a Student Council Campaign.*

Flutningsmaður: Arent Orri J. Claessen, forseti Stúdentaráðs.

### **Tillaga að herferð Stúdentaráðs**

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð fari í herferð um umhverfismál, einkum litið til vistspors háskólans, birgja hans, sem og vistspor þeirra fyrirtækja sem stúdentar versla við.



Forseti kynnir tillögu að herferð Stúdentaráðs og að hún sé á sviði umhverfis- og sjálfbærnimála, með áherslu á virðisæðju þeirra aðila sem stúdentar eiga í viðskiptum við. Forseti tiltekur að herferðir Stúdentaráðs hafi byrjað í janúar síðustu ár, en hann telur að heppilegt væri að byrja fyrr. Hugmyndin kviknaði í kringum stefnumótunardag Stúdentaráðs. Herferðin heitir „Stúdentar taka til“ og felst í því að stúdentar krefjist þess að þau fyrirtæki sem þeir versla við geri betur í UFS (e. ESG) málum. Annars segir forseti að rökstuðningur tillögunnar útskýri hana vel, og bætir við að þó þetta sé herferðin verði önnur mál ekki látin sitja á hakanum.

Guðni tekur til máls og segir flott að sjá að herferð Stúdentaráðs væri á sviði umhverfismála, tekur fram að góð janúarherferð geti bætt og kætt. Guðni spyr út í útfærsluatriði, hvort gögnin verði birt og hvort að Stúdentaráð myndi gera kröfu um að háskólinn slíti viðskiptasambandi við þá aðila sem menga mikið. Spyr hvort að samhliða þessu verði átak í að bæta úrval og aðgengi að vegan mat enda umhverfisvænn kostur.

Forseti svarar og segir þetta allt vera vel mögulegt sem útfærsluatriði á tillögunni. Aðal takmark tillögunnar er að varpa ljósi á frammistöðu fyrirtækja og aðila svo stúdentar og aðrir geta tekið upplýsta ákvörðun um neysluvenjur sínar. Forseti segir að utanumhald um gögnin sé betur borgið í höndum Stúdentaráðs en háskólans. Segir að umrætt kerfi hafi þann kost að það taki ekki aðeins til kolefnisnotkunar fyrirtækisins sjálfs sem á í hlut heldur allrar virðisæðjunnar.

Guðni ítrekar þann hluta spurningar sem snýr að vegan mat, lýsir yfir óánægju með vegan úrval í Hámu. Forseti rifjar upp ákvörðun sem var tekin á skiptafundi þar sem ákveðnum kröfum sem Stúdentaráð hafði lagt á Hámu var aflétt. Sé minna úrval af vegan mat í Hámu núna en áður var er það rekstrarleg ákvörðun hjá Hámu. En þetta sé eitthvað sem Stúdentaráð getur barist fyrir. Þetta sé ekki beinlínis hluti af tillögunni en það gefi auga leið að ef Félagsstofnun Stúdenta bætir úrval af vegan mat þá myndi þau hljóta hærri einkunn í UFS kerfinu enda sé vegan matur umhverfisvænni.

Katla segir að herferðin virðist beinast meira að ytri aðilum líkt og samstarfsaðilum skólans og spyr hvort að eitthvað verði gert til þess að hvetja nemendur til að tileinka sér umhverfisvænni lífstíl líkt og að nýta sér almenningsamgöngur o.s.frv.

Forseti svarar að tilgangur herferðarinnar sé einmitt að gefa fólki verkfærin til þess að lifa umhverfisvænna lífi enda geti þau séð með glöggum hættu hvernig fyrirtæki landsins standa sig í umhverfismálum.

Gísli segir tillöguna glæsilega að hann heldur en segir hana heldur opna. Spyr hvort að Stúdentaráð muni hafa hliðsjón af þessu þegar það velur sína samstarfsaðila auk þess sem hann spyr hvort að eitthvað viðmið sé til um „umhverfisvænan aðila.“ Spyr hvernig það verður leyst ef ein tegund af fyrirtækjum er í eðli sínu minna umhverfisvæn en önnur.

Forseti segir að kerfið muni ekki meta sérstaklega í hvaða starfsemi aðili er heldur séu t.d. 250 stig sem fyrirtæki geta skorað og þeim verður veitt einkunn eftir þeim atriðum. Forseti segir að þessi sjónarmið hafi verið rauði þráðurinn í öllum samningaviðræðum og að samstarfsaðilar Stúdentaráðs muni ekki fá neinn afslátt. Forseti nefnir að Októberfest 2024 verði sú umhverfisvænasta hingað til, t.a.m. verði hátíðin að hluta til keyrð á rafmagni sem ekki hafi gerst áður, þá verður drykkjarvatn í tönkum sem takmarka notkun á plastflöskum, að allt sorp verði flokkað eftir hátíðina í fyrsta skipti, og í fyrsta skipti verður hún ekki haldin inn á grasblettinum í friðlandinu í Vatnsmýri.

Ísleifur segir ýmis atriði vera í rökstuðningi fyrir tillöguna sem ætti betur heima í tillögunni sjálfri.

Forseti segir að það hafi verið viljandi gert enda sé þá meira frelsi til að útfæra tillöguna án þess að vera bundin af atriðum í rökstuðningi.

Ísleifur segir tillagan sjálf segja lítið sem ekkert án rökstuðnings og það væri strangt til tekið hægt að túlka hana svo að undir gildissvið hennar gæti rúmast að fara í herferð þar sem við afneitum loftslagsbreytingum.

Forseti svarar að hann deili ekki áhyggjum hans og að þetta hafi verið svona áður og að hann sjái ekki ástæðu til að hafa þetta öðruvísi.

Ísleifur spyr hvernig útfærslu verður háttáð, hvort að skrifstofa sjái alfarið um framkvæmdina og hvort að tiltekin atriði verði borin undir Stúdentaráð áður en þau verða framkvæmd.

Forseti segir að Stúdentaráð hafi ávallt lokaorðið og að hann starfi í umboði þess. Vinna við slíka herferð er samt sem áður svo mikil að sennilega hafi skrifstofan mesta bolmagnið í að útfæra hana praktískt séð.

Gísli segir að í fyrra hafi tillaga um herferð verið afgreidd þannig að hún var fyrst kynnt og samþykkt og síðan útfærð frekar og þá samþykkt aftur af Stúdentaráði.

Forseti segir það vera útfærsluatriði en hann er samt sem áður að leggja þessa tillögu fram í óbreyttri mynd. Það væri ákveðin tvítækning fólgin í því að kynna hana og samþykkja tvisvar.

Júlíus tekur til máls, segir tillöguna að vera góða, segir sterkara að draga hluti fram í dagsljósið frekar en að ráðast í einhverjar yfirlýsingar. Hann telur það góða leið til að ná markmiðum Stúdenta að notast við mælaborð eins og lagt er til. Segir eðlilegt að skrifstofa fái umboð til að vinna slíkt verkefni enda sé það umfangsmikið. Styður tillöguna í óbreyttri mynd.

Kosið um tillöguna.

Tillagan samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundargesta nema Ísleifs Arnórssonar sem kys á móti.

Fundarhlé 17:55-18:06.

## IX. Tillaga um kynhlutlaus salerni.

*Proposal Regarding Gender-Neutral Restrooms*

Flutningsmaður: Katla Ólafsdóttir, oddviti Röskvu og stúdentaráðsliði, Kristín Fríða Sigurborgardóttir, forseti sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og stúdentaráðsliði, Magnús Bergmann Jónasson, stúdentaráðsliði, Sóley Anna Jónsdóttir og Styrmir Hallsson, stúdentaráðsliði.

### **Tillaga um kynhlutlaus salerni**

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) ítreki afstöðu sína um afnám aðgreiningu salerna eftir kyni í ljósi reglugerðar 903/2024 um hollustuhætti og að skrifstofa SHÍ skori á Háskóla Íslands að fylgja ákvæðum reglugerðarinnar sem fyrst.

Katla flytur tillöguna. Hún vísar í nýja reglugerð þar sem það er skilyrt að kynhlutlausar snyrtingar séu til staðar í byggingum. Tillaga sama efnis hafi verið samþykkt í fyrra og því væri þessi tillaga ítrekum á því sama.

Jóhann spyr hvort að það vanti kynhlutlausa snyrtingu í einhverja byggingu háskólans.

Katla telur að það vanti í Árnagarð, ásamt því að mögulega vanti í Háskólabíó. Umræður skapast um hvort séu kynhlutlausar snyrtingar á Háskólatorgi.

Kosið um tillöguna.

Tillaga samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundargesta nema Júlíusar Viggós Ólafssonar og Jóhanns Almars Sigurðssonar sem sitja hjá.

X. **Tillaga um uppsetningu á rafhleðslustöðvum við Háskóla Íslands.**  
*Proposal for the Installation of Electric Charging Stations at the University of Iceland.*

Flutningsmaður: Ragnheiður Geirsdóttir, forseti sviðsráðs Félagsvísinda-  
sviðs og stúdentaráðsliði.

**Tillaga um uppsetningu á rafhleðslustöðvum við Háskóla Íslands.**

Stúdentaráð lýsir yfir vilja þess til að komið verði upp rafhleðslustöðvum fyrir  
rafbíla á háskólasvæðinu.

Ragnheiður kynnir tillögu. Forseti lýsir upplifun sinni sem  
rafbílaeigandi, hleðslustæði séu af skornum skammti á  
háskólasvæðinu.

Guðni segist vera sammála tillögunni, þó svo hann sé ekki með  
kosningarétt. Spyr hver myndi sjá um framkvæmd tillögunnar.

Ragnheiður það verða að koma í ljós síðar hvernig framkvæmd  
yrði háttað.

Sóley stingur upp á því að í stað orðalagsins „að komið verði upp  
rafhleðslustöðvum“ verði „að komið verði upp fleiri  
rafhleðslustöðvum.“

Ragnheiður er samþykkt því og þá er hið breytta orðalag orðið  
hluti af tillögunni.

Magnús spyr út í hvernig þjónusta Ísorku og ON virkar og hvort  
áskrift sé skilyrði fyrir því að geta hlaðið.

Ragnheiður svarar að svo sé ekki.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt einróma.

XI. **Tillaga um níkótínþúða í Hámu.**

*Proposal for the Student Council to Advocate for the Sale of Nicotine Pouches at Hámu.*

Flutningsmaður: Tinna Eyvindardóttir, forseti sviðsráðs Heilbrigðis-  
vísindasviðs og stúdentaráðsliði.

**Tillaga um að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að Félagstofnun stúdenta selji  
níkótínþúða í Hámu**

Stúdentaráð lýsir yfir vilja til þess að leyfa Félagstofnun stúdenta (FS) að selja  
níkótínþúða á útsölustöðum Hámu.

Tinna lýsir efni tillögunnar.

Sóley Anna bendir á að ekki allir nemendur við Háskóla Íslands séu fullorðnir. Umræða um að það þyrfti að skilríkja þá sem ætla að kaupa sér níkótínþúða.

Guðni segir að níkótínþúðar séu í boði á Stúdentakjallaranum og þetta geti skapast freistnivanda ef þetta er sýnilegt í Hámu.

Forseti segir að það sé andstætt lögum að slík vara sé sýnileg og því myndi hún ekki vera það í Hámu.

Guðni spyr hvað verði gert ef varan selst illa. Þá væri Stúdentaráð að neyða Hámu til að selja vöru sem tapar peningum.

Tinna segir að það sé ekkert að því að prófa þetta.

Júlíus vitnar í orð stúdentaráðsliða frá síðasta kjörtímabili og segir að „galdurinn við þessa tillögu“ sé að í tillögunni sé bara fólgin viljayfirlýsing en engin skylda. Það sé í höndum Hámu að ákveða hvaða vörur séu seldar þar.

Guðni segir að tillagan gangi gegn boðaðri herferð þar sem að tillagan sé til þess fallin að fjölga rusli.

Forseti segir að það væri umhverfisvænast að reka ekki verslun.

Tinna segir að hún telji ekki að þetta myndi auka eftirspurn eftir vörunni, frekar að fólk kaupi hana frekar af Hámu en af öðrum.

Kosið um tillöguna.

Samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra vökuliða, á móti eru Sóley Anna Jónsdóttir, Ísleifur Arnórsson, og Kristín Fríða Sigurborgardóttir, aðrir sitja hjá.

## XII. Tillaga um að Stúdentaráð krefjist umbóta í almenningsamgöngum. *Proposal for the Student Council to Demand Improvements in Public Transportation.*

Flutningsmaður: Guðni Thorlacius, nefndarmeðlimur umhverfis- og samgöngunefndar.

### **Tillaga um að Stúdentaráð krefjist umbóta í almenningsamgöngum.**

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð lýsi yfir stuðningi við áformum um Borgarlínu í gegnum háskólasvæðið og aðra þætti Samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem bæta samgöngur stúdenta. Einnig skal koma fram að þær löngu tafir sem orðið hafa á framkvæmdum Borgarlínu séu óásættanlegar og að þeim verði að linna. Skal það gert með útgáfu þeirrar ályktunar sem fylgir þessari tillögu. Einnig skal skrifstofa stúdentaráðs bjóða Betri samgöngum ohf. á næsta stúdentaráðsfund til þess að kynna þau áform sem snúa sérstaklega að stúdentum og einnig svara spurningum stúdentaráðs og annarra fundargesta.

Guðni kynnir efni tillögunnar.

Guðni segir að aðaláherslan sé að hvetja til þess að almenningssamgöngur séu bættar og það sem fyrst.

Júlíus segir vel hægt að lýsa yfir stuðningi við markmið tillögunnar en fyrst full djúpt í árina tekið að lýsa yfir stuðningi í þessu tiltekna pólitíska máli, líkt og samgöngusáttmálinn er.

Guðni skilur áhyggjur Júlíusar með hliðsjón af afstöðu Vöku, en að hann sé ósammála. Að stúdentar geti og eigi að hafa áhrif í þessu máli.

Gunnar segist vera í megindráttum sammála tillögunni en deilir áhyggjum Júlíusar. Gunnar ber upp breytingartillögu.

### **Tillaga um að Stúdentaráð krefjist umbóta í almenningssamgöngum.**

Stúdentaráð Háskóla Íslands leggur til eftirfarandi ályktun um almenningssamgöngur.

Stúdentaráð Háskóla Íslands kallar eftir bættum almenningssamgöngum, eru þær nú sérstaklega nauðsynlegar í ljósi aukins umferðarþunga vegna mikillar uppbyggingar á háskólasvæðinu og í nærumhverfi þess. Þá má helst nefna nýjan Landspítala, uppbyggingu íbúða við flugvöllinn, uppbyggingu á Vísindagörðum og flutning Menntavísindasviðs í Sögu.

Almenningssamgöngur eiga að vera raunhæfur valkostur fyrir stúdenta og nægilega traustar til að námsmenn neyðist ekki til að kaupa sér bíl. Bættar almenningssamgöngur tryggja jafnari aðgang að námi

Forseti spyr Gunnar hvort hann sé að breyta tillögu Guðna eða bera upp nýja tillögu.

Rætt um tæknileg atriði er varða tillögur og birtingar þeirra.

Guðni skilur ekki tilgang þess að breyta tillögunni svona mikið. Réttast væri að fella tillöguna og bera upp nýja, telur ekkert óeðlilegt við það að lýsa ánægju með tiltekin verkefni.

Gunnar svarar að ástæða breytingartillögu sé sú að tillögufresti sé lokað samhliða því að hann sá þessa upprunalegu tillögu og því hafi hann viljað breyta henni. Gunnar segist fylgjandi góðum almenningssamgöngum en geta ekki samþykkt tillögu Guðna.

Mathias spyr Gunnar hvers vegna hann vilji ekki fá fulltrúa frá Betri samgöngum ohf. Auk þess að hann er ósammála því að ekki megi styðja einstök verkefni. Segir að þetta sé öllum til góðs. Baráttan fyrir bættum samgöngum sé best háð i samráði við stúdenta.

Rætt um heimsókn Betri samgangna ohf. Júlíus segist mótfallinn því að færa slíka kynningu inn á stúdentaráðsfund þar sem dagskrá þeirra sé þétt þegar.

Forseti og Mathias ræða að hafa opinn fund fyrir alla stúdenta með forsvarsmönnum Betri samgangna ohf.

Júlíus viðurkennir að breytingartillagan sé veigamikil en það sé ekki fordæmalaust. Telur að það sé gott að tjá okkur um samgöngumál en það sé betra að halda því fyrir utan landspólitíkur.

Sóley Anna bendir á að það sé venja fyrir því að Stúdentaráð tjái sig í pólitískum málum. Tekur undir að opinn fundur með Betri samgöngum sé góð hugmynd.

Kosið um breytingartillögu.

Samþykkt með atkvæðum atkvæðisbærra vökuliða en atkvæðisbærir Röskvuliðar kjósa gegn breytingartillögunni.

Jóhann spyr um sniðmátið á tillögunni, m.a. spyr út í merki Röskvu á tillögunni.

Forseti lýsir því hvernig tillögur birtast í fundargerðum.

Kosið um tillöguna í heild sinni.

Samþykkt með atkvæðum atkvæðisbærra vökuliða, á móti eru Ísleifur Arnórsson og Magnús Bergmann Jónasson, aðrir sitja hjá.

### XIII. Fundarhlé 18:52-19:00.

*Intermission from 18:52 to 19:00.*

### XIV. Tillaga um að SHÍ beiti sér fyrir því að matarvagnar venji komur sínar á háskólasvæðið á prófatíma.

*Proposal for SHÍ to Advocate for Food Trucks to Regularly Visit the Campus During Exam Periods*

Flutningsmaður: Birkir Snær Brynleifsson, stúdentaráðsliði.

#### **Tillaga um matarvagna í prófatíð**

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) skal beita sér fyrir því að matarvagnar venji komur sínar á háskólasvæðið á prófatíma.

Birkir lýsir efni tillögu.

Katla veltir því upp hvort þetta væri ekki samkeppni við Stúdentakjallarann.

Birkir segist skilja þann punkt en markmiðið er að bjóða upp á fjölbreyttan mat fyrir þá sem eru orðnir leiðir á Stúdentakjallaranum.

Magnús Hallsson lýsir óánægju með að Háma skuli fjarlægja gaffla úr Öskju eftir kl. 18 á kvöldin. Forseti tekur undir og segir þetta eiga heima í öðrum málum sem sér tillaga.

Ragnheiður segir að gott sé að bjóða upp á fjölbreyttari fæðu á kvöldin og að matarvagnar séu aðgengilegri.

Katla veltir því upp hvort það yrðu margir matarvagnar í einu.

Kjartan lýsir stuðningi við tillöguna, segir að skemmtilegt væri að matarvagnarnir myndu selja mat víðsvegar um háskólasvæðið og því ekki alltaf í samkeppni við rekstur Félagsstofnunar stúdenta.

Katla lýsir góðri reynslu af take away mat á Stúdentakjallaranum.

Jóhann spyr forseta út í heimtaug sem Reykjavíkurborg lagði frá rafmagnskassa vegna Októberfest og hvort ekki væri hægt að nýta hana til þess að matarvagnar gætu knúið sig á endurnýjanlegri orku.

Forseti telur það upplagt.

Júlíus telur að Stúdentaráð sé að flækja þetta of mikið, þetta sé stemming tillaga og hún sé af hinu góða.

Forseti tekur til máls og segir að ýmis útfærsluatriði séu háð leyfi frá HÍ og myndu aldrei vera framkvæmd án samráðs við Félagsstofnun stúdenta. Segir að þetta sé samkeppni en holl samkeppni.

Patryk segir að honum finnist tillagan sniðug, spyr hvaða matarvagnar komi til greina. Hann viti bara um Bæjarins beztu.

Birkir telur upp ýmsa matarvagna sem eru til.

Katla setur spurningamerki við að aðrir aðilar en Félagsstofnun stúdenta græði á veitingasölu á háskólasvæðinu.

Kosið er um tillöguna.

Samþykkt með atkvæðum atkvæðisbærra Vökuliða auk Styrmis- og Magnúsar Hallssona ásamt Patryk Lukasz Edel, á móti er Sóley Anna Jónsdóttir og aðrir sitja hjá.



## XV. Tillaga um vinnustundir skrifstofu.

*Proposal Regarding Office Work Hours.*

Flutningsmaður: Katla Ólafsdóttir, og Ísleifur Arnórsson, forseti sviðsráðs Hugvísindasviðs og stúdentaráðsliði.

### **Tillaga um vinnustundir skrifstofu**

Undirrituð leggja til að skrifstofa Stúdentaráðs taki saman vinnustundir sínar í starfi og hvernig þeim er ráðstafað. Skulu vinnustundirnar vera aðgengilegar öllum þeim stúdentum sem óska þess að sjá þær. Við hver mánaðarmót skulu stöðugildin sjö sem eru á Réttindaskrifstofu SHÍ hafa vinnustundir sínar yfir mánuðinn á hreinu og þær aðgengilegar í einu skjali. Þá skulu vinnustundir skrifstofunnar yfir sumarið 2024 einnig teknar saman eftir bestu getu og gerðar aðgengilegar. Skal þá hvert stöðugildi miða við upphaf ráðningarsamnings þegar taldar eru vinnustundir.

Katla lýsir efni tillögu.

Tillagan sé til þess fallin að auka gagnsæi um störf skrifstofu og það sé fordæmi fyrir efnislega samhljóða tillögu, n.tt. 2021.

Jóhann spyr hvernig hugmyndin að tillögunni varð til núna og hver afdrif hennar hafi verið árið 2021.

Katla svarar því að hugmyndin hafi komið upp vegna þess að nú sé ný skrifstofa tekin við og því sé eðlilegt að bera hana upp aftur og upplýsir um að tillagan frá 2021 hafi verið samþykkt.

Ragnheiður segir að Stúdentaráð hafi alltaf fengið góða yfirferð yfir gang mála hverju sinni, henni finnist orðalag í tillögunni gefa til kynna að skrifstofa sé ekki að sinna starfi sínu af heilindum.

Ísleifur segir að aðgangsmunur af upplýsingum sé mikill eftir því hvort fólk sé í Stúdentaráði eða ekki og því sé tillagan borin upp.

Ragnheiður spyr hvort þetta sé ekki of íþyngjandi að þurfa að verja tíma í að útskýra í hvaða vinna þeirra fer í.

Katla svarar að tillagan sé að engu leyti persónuleg og sé mjög eðlileg stjórnarandstöðutillaga. Tillöguberar vilja aðeins að stúdentar fái betri innsýn inn í störf skrifstofu.

Ragnheiður spyr hvort það sé nauðsynlegt að þetta sé svo ítarlegt eins og efni tillögu ber með sér.

Katla svarar að þetta þurfi ekki að vera fullkomið, aðeins í grófum dráttum hvað starfsmenn skrifstofu hafa gert yfir síðastliðinn mánuð hverju sinni.

Ragnheiður veltir því upp hvort að einhvers konar fréttabréf í lok mánaðar væri ekki heppilegra. Það sé of íþyngjandi að þurfa að gera grein fyrir hverri einustu vinnustund.

Katla svarar að það sé mjög eðlilegt að stúdentar viti hvernig vinnustundum skrifstofu sé háttað og hve margar þær eru.

Kjartan segir tillöguna undarlega og segir ýjað að því að skrifstofa vinni ekki vinnuna sína.

Katla svarar að það sé alls ekki markmið tillögunnar. Hún viti vel að mikil og góð vinna hafi farið fram.

Forseti og Katla sammála um að tillagan sé ekki persónuleg.

Forseti segir framkvæmd tillögunnar vera erfið þar sem að mikill hraði sé oft í vinnubrögðum skrifstofu. Forseti tekur fram að stúdentar geti allir kallað á eftir upplýsingum, launakostnaður komi fram í ársreikningi o.s.frv.

Forseti segir að starfsmenn skrifstofu vinni allir meira en hlutfall þeirra segir til um. Þar sem að skrifstofa Stúdentaráðs borgar ekki yfirvinnu værum við að bjóða hættunni heim.

Katla bendir á að það hafi tíðkast að starfsmenn skrifstofu hafi tekið sér frí eftir álagstímabil til að jafna út of mikla vinnu á þeim tímabilum.

Forseti segir það ekki koma til greina fyrir sig. Hann fari í frí þegar kjörtímabili ljúki.

Guðni tekur undir með Kötlu að tillagan sé eðlileg og telur það furðulegt að telja að hún sé aðdróttun að heiðarleika skrifstofu, enda sé starfi skrifstofa í umboði Stúdentaráðs. Telur það ekki skapa of mikið álag.

Styrmir segir að forseti vinni of mikið. Finnst tillagan ekki til þess fallin að efast heiðarleika skrifstofu heldur sé aðeins verið að kalla eftir gagnsæi.

Mathias segir að ýmsar lausnir séu til að halda utan um vinnutíma og þetta sé ekki jafn mikið mál og sumir vilja meina.

Forseti segist vera með 40.000 óopnaða tölvupósta.

Mathias segir að það sé annað mál. Að krafan sé mjög eðlileg, gagnsæi sé af hinu góða.

Framkvæmdastjóri spyr Gísla hvort þetta hafi verið gert í fyrra og þá hvernig. Gísli lýsir því stuttlega.

Sóley Anna segir að þetta sé mjög eðlileg krafa frá Stúdentaráði til skrifstofu, hafi verið gert áður og sé eðlilegt sama hver eigi í hlut.

Birkir segir eðlilegt að haldi utan um vinnutíma, finnst orðalag tillögu gefa í skyn að hver einasta klukkustund þurfi að vera útskýrð.

Katla svarar að það sé ekki tilgangur tillögunnar.

Birkir segir að eðlilegra sé að gera einhvers konar yfirlit.

Katla ítrekar að ekki sé beðið um að hver einasta klukkustund sé rökstutt heldur frekar að yfirlit sé haldið um hvernig tíma skrifstofu sé ráðstafað.

Júlíus tekur undir áhyggjur Birkis og segir orðalag vera tvírætt. Hann segir að óskýrt hvað sé verið að biðja um.

Katla svarar að markmiðið sé að útbúið væri yfirlit um störf skrifstofu á dagsgrundvelli en það megi hafa skoðun á orðalagi tillögunnar, hún minnir á að fólki er frjálst að koma með breytingartillögu.

Júlíus spyr Gísla nánar út í hvernig skrifstofan útfærði þetta í fyrra. Gísli lýsir hvernig þetta var gert. Hann segir að honum hafi þótt þetta mjög leiðinlegt en samt sem áður mjög sjálfsagt.

Júlíus segir að starfsemi skrifstofu sé mögulega annars eðlis en áður hefur verið. Að mikil uppbygging og endurskipulagning eigi sér stað þar. Júlíus ítrekar trú sína að þetta gæti reynst fjötur um fót. Segir að starfsfólk skrifstofu vinni töluvert meira en hlutfall þeirra segi til um. Hann telur þetta ekki praktísk lausn.

Katla spyr Júlíus nánar út í hvernig störf skrifstofu séu frábrugðin því en áður hefur verið.

Júlíus segir að starfsemin sé orðin „dýnamískari“. Að hagsmunir skrifstofu séu þeir að starfið gangi sem best. Segir að of mikil orka myndi fara í þetta.

Guðni segir að „galdurinn í tillögunni“ sé aukið gagnsæi og eðlilegt að upplýsa um þetta þar sem starfsmenn skrifstofu vinna fyrir Stúdentaráð. Hann segir það skrítn rök að ekki sé hægt að gera grein fyrir því hvernig vinnustundum sé varið vegna þess að fólk vinni svo mikið. Engu sé tapað að samþykkja tillöguna. Hún sé til þess fallin að auka traust.

Katla tekur undir orð Guðna.

Kosið er um tillöguna. Tillagan er felld, allir atkvæðisbærir röskvuliðar kjósa með henni gegn öllum atkvæðum atkvæðisbærra vökuliða.

## XVI. Tillaga um aukinn fyrirvara í starfi Stúdentaráðs.

*Proposal for Increased Lead Time in the Work of the Student Council.*

Flutningsmaður: Katla Ólafsdóttir, Ísleifur Arnórsson, Kristín Fríða Sigurborgardóttir og Sóley Anna Jónsdóttir, stúdentaráðsliði.

### **Tillaga um aukinn fyrirvara í starfi Stúdentaráðs**

Undirrituð leggja til að skrifstofa Stúdentaráðs auki fyrirvara sinn í tilkynningum um viðburði o.fl. sem Stúdentaráð heldur eða tekur þátt í. Fyrirvarinn þarf að vera nægilegur til þess að stúdentaráðsliðar, nefndarmeðlimir og aðrir tengdir störfum Stúdentaráðs eigi betri möguleika á að taka þátt í viðburðum ráðsins. Auk þess skal stjórn og skrifstofa Stúdentaráðs leggja kapp við að skipuleggja tímasetningar fyrir stúdentaráðsfundi lengra fram í tímann. Það skal gert til dæmis með dagatali út árið til viðmiðunar og með því að tilkynna á hverjum stúdentaráðsfundi hvenær næsti stúdentaráðsfundur verður haldinn.

Katla lýsir efni tillögunnar. Tekur sem dæmi stuttan fyrirvara fyrir gleðigönguna.

Gunnar segist vera sammála efni tillögunnar en spyr hvort það sé nauðsynlegt að hafa þetta í formi tillögu.

Katla segir að það megi deila um það en ákvörðun hafi verið tekin að hafa þetta með formlegum hætti.

Forseti segir þetta sjálfsagt og biðst afsökunar fyrir hönd skrifstofu vegna skorts á fyrirvara fyrir gleðigönguna. Þetta hafi fallið á milli skips og bryggju sökum anna en forseti harmar það.

Guðni segir að tillagan sé flott.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra röskvuliða, aðrir sitja hjá.

## XVII. Bókfærð mál og tilkynningar.

*Recorded Matters and Announcements*

Bókfærð mál sem Stúdentaráð er upplýst um en ekki er kosið um.

Upplýsir að ráðin hafa verið Daníel Hjörvar Guðmundsson í stöðu framkvæmdastjóra, Snæfríði Blæ Tindsdóttur í stöðu alþjóðafulltrúa, og Véstein Örn Pétursson í stöðu ritstjóra Stúdentablaðsins.

Logi Stefánsson var ráðinn sem verkefnastjóri fyrir Októberfest.

Segir frá samningaviðræðum við stéttarfélagið Visku.

Forseti lýsir því að Októberfest verði mjög umhverfisvæn og miðasala gangi vel.

Sviðsráðsforsetar höfðu skilað tilnefningum í Stúdentasjóð. Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs tilnefnir Tinnu Eyvindardóttur. Sviðsráð Félagsvísindasviðs tilnefnir Viktor Pétur Finnsson. Sviðsráð Hugvísindasviðs tilnefnir Önnu Sóleyju Jónsdóttur.

Tilnefningu vantar á öðrum sviðum.

## XVIII. Önnur mál.

Tillaga lögð fram um að Stúdentaráð berjist fyrir því að búnaður til borðhalds verði tiltækur í Öskju utan opnunartíma Hámu.

Kosið um tillögu.

Tillaga samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundargesta nema Ísleifs Arnórssonar sem situr hjá.

Fundi slitið 19:48.

Athugasemd borin upp á fundi 25. September 2024:

Við yfirferð á fundargerð síðasta fundar tóku undirrituð eftir því að eftirfarandi atriði voru ekki til staðar í fundargerðinni eða ekki rétt skráð: Inn í umræðu um matarvagna vantar að Tinna Eyvindardóttir kallar á Röskvuliða utan mælendaskrár hvort þetta megi ekki bara vera gaman. Samkvæmt fundargerð veltir Ragnheiður Geirsdóttir upp möguleikanum á birtingu fréttabréfs en hún stakk aldrei upp á slíku. Öllu frekar var það Katla sem hafði orð á því að þetta skyldi birt mánaðarlega. Einnig vantar að Kjartan Leifur hafi sagt að tillagan sé nokkuð rætin, sem gengur mikið lengra en það sem tekið var fram í fundargerð.

Guðni Thorlacius, Katla Ólafsdóttir, Ármann Leifsson

I.	Fundur settur	17:00 – 17:05
II.	Fundargerð skiptafundar þann 21. maí 2024 borin upp til samþykktar	17:05 – 17:10
III.	Fundargerð síðasta fundar 8. ágúst 2024 borin upp til samþykktar	17:05 – 17:10
IV.	Drög að fundaskipulagi haustannar	17:10 – 17:15
V.	Lagabreytingatillaga lagaráðs, 1. áfangi	17:15 – 17:35
VI.	Tilnefningar í stjórn Stúdentasjóðs	17:35 – 17:40
VII.	Fundarhlé	17:40 – 17:50
VIII.	Tillaga að herferð Stúdentaráðs	17:40 – 17:55
IX.	Tillaga um kynhlutlaus salerni	17:55 – 18:05
X.	Tillaga um uppsetningu á rafhleðslustöðvum við Háskóla Íslands	18:05 – 18:15
XI.	Tillaga um að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að Félagsstofnun stúdenta selji nikótínþúða í Hámu	18:15 – 18:25
XII.	Tillaga um að Stúdentaráð krefjist umbóta í almenningsamgöngum	18:25 – 18:40
XIII.	Fundarhlé	18:40 – 18:50
XIV.	Tillaga um matarvagna í prófatíð	18:50 – 19:00
XV.	Tillaga um vinnustundir skrifstofu	19:00 – 19:10
XVI.	Tillaga um aukinn fyrirvara í starfi Stúdentaráðs	19:10 – 19:20
XVII.	Bókfærð mál og tilkynningar	19:20 – 19:25
XVIII.	Önnur mál	19:30 – 19:35